



# STEINSSTAÐIR, SKAGAFIRÐI, LÆKJARBAKKI OG LÆKJARBREKKA ÍBÚÐABYGGÐ - ÍB-801, TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

SKIPULAGSUPPDRÁTTUR mkv.1:1.000



## AÐALSKIPULAG SKAGAFJARÐAR 2020-2035 ÞÉTTBYLISUPPDRÁTTUR STEINSSTAÐIR - mkv. 1:10.000



## GREINARGERÐ

Þann 20. júlí 2022 auglýsti Skagafjörður skipulagsýsingu fyrir íbúðabyggð á Steinsstöðum. Skipulagsýsingin var auglýst frá 20. júlí til og með 24. ágúst 2022. Áls bárust 5 umsagnir sem voru hafðar til hlidsjónar við vinnslu skipulagsins.

### 1 Forsendur, staða skipulags og markmið

#### 1.1 Afmörkun skipulagssvæðis og staðhættir

Skipulagssvæðið afmarkast af Merkgarðsvegi (7575) að austan, landamerkjum Steinsstaðahverfisins á móti Laugarbóli lóð, Steinaborg og Laugarmýri að sunnan, götukanti Lækjarbakka að vestan, þar sem hann beygir í átt að gistiheimilinu Hlin guesthouse og landamerkjum Steinsstaða á móti Reykjum að norðan. Afmörkunin er innan skilgreinds íbúðasvæðis í aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035.

Aðkoma á svæðið er um Héradsdalsveg (754) auk þess sem vegtengingar fyrir innkeyrslu á lóðir verða af Merkgarðsvegi (7575).

Í skipulagsýsingu kom fram að stærð skipulagssvæðis væri 3,8 ha. Í samræmi við umsögn Vegagerðis var afmörkuninni breytt við vegkanta. Stærð svæðisins er því um 3,4 ha.

Innan skipulagssvæðisins eru skráð 7 landnúmer, Lækjarbakki 3, 5, 7, 9, 11 og 13 ásamt Lækjarbrekku 8. Húsin voru byggð á árunum 1975-1994. Svæðið er hæst í 76 m hæð, sunnarlega á austur mörkum, og lækkar til vesturs. Þó nokkur halli er á landinu austast á svæðinu sem mildast eftir því sem vestar dregur, og hæðin komin undir 64 m hæð norðvestast. 1 m hæðalínur eru sýndar á skipulagsuppdraði.

#### 1.2 Landskipulagsstefna 2015-2026

Í landskipulagsstefnu 2015-2026 er sett fram stefna um hvernig stjórnvöld skuli vinna að skipulagsmálum. Eitt af viðfangsefnum sem mörkuð er stefna um er: „Búsetumynstur og dreifing byggðar“ þar sem meðal markmiða er eftirfarandi;

Í kafla 3.2 um „Sjálfrætt skipulag þéttbýlis“ segir; „*Skipulag byggðar stuðir að sjálfrætti þróun þéttbýlisstaða með þéttari, samfelldri byggð, endurskipulagningu vannýtra svæða og eflingu nærsamfélags. Uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verði í samræmi við þarfir samfélagsins á hverjum tíma og til framtíðar.*“

## 2 Deiliskipulag

### 2.1 Skipulagsuppdráttur

Skipulagsuppdráttur nr. DS-01 sýnir fyrirhugaða uppbyggingu á íbúðarbyggð ÍB-801 á Steinsstöðum. Uppdrátturinn sýnir staðsetningu byggingarreita, lóðamarka, gatna og vegtenginga ásamt helstu byggingarskilmálum.

### 2.2 Almennt

Fara skal eftir því sem skipulag þetta, gildandi skipulagsreglugerð, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir hvers tíma segja til um við framkvæmdir í tengslum við deiliskipulagið. Þakgerðir eru valfrjálssar upp að því marki sem byggingarreglugerð kveður á um. Skilmálar fyrir hverja lóð eru í töflu 1 hér að neðan.

### 2.3 Aðkoma, bilastæði og gönguleiðir

Aðkoma að Lækjarbakka verður óbreytt en þó er gert ráð fyrir hraðatakmarkandi aðgerð norðarlega á götunni. Leiðbeinandi staðsetning er sýnd á skipulagsuppdraði. Aðkoma að lóðum við Lækjarbrekku er af Merkgarðsvegi (7575) eins og sýnt er á skipulagsuppdraði. Ein vegtenging er fyrir tvær lóðir og var staðsetning vegtenginga unnin í samræði við Vegagerðina. Sameiginleg aðkoma er að lóðum nr. 2 og 4, 6 og 8, 10 og 12 og 14 og 16. Á skipulagsuppdraði er sýndur sameiginlegur flötur fyrir aðkomu og innan hans er óheimilt að setja girðingar, gróður eða annað sem hindrar aðkomu. Lóðarhöfum er þó heimilt að setja hlið á lóðamörk að austanverðu ef samþykki þeirra beggja liggur fyrir. Veghelgunarsvæði er sýnt á uppdraettinum.

Bilastæði innan lóða við Lækjarbakka eru sýnd á skipulagsuppdraði. Flestar af lóðunum austan götu eru þegar byggð með nægilega breiðu bilastæði fyrir 2 bíla. Þó er heimilt að hafa fleiri bíla innan lóða en ekki gert ráð fyrir að innkeyrslur verði breikkaðar.

Á lóðum nr. 2, 4, 6 og 8 við Lækjarbakka er gert ráð fyrir bilastæðum fyrir 3 bíla.

Leiðbeinandi staðsetning bilastæða á Lækjarbrekku 2, 4, 6, 8, 10, 12, 14 og 16 er sýnd á skipulagsuppdraði. Lóðarhöfum þessara lóða er heimilt að útfæra bilastæði á annan hátt við hönnun, svo lengi sem gert sé ráð fyrir nægum bilastæðum innan lóða. Aðkoma inná þessar lóðir

### 1.3 Aðalskipulag

Skipulagsvæðið er innan skilgreinds þéttbýlis Steinsstaða í Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035. Svæðið er innan íbúðarbyggðar nr. ÍB-801 á þéttbýlisuppdraði Steinsstaða. Um íbúðarbyggð á Steinsstöðum segir m.a. „Miðað er við að íbúðarbyggðin þróist einkum við Lækjarbakka og meðfram Merkgarðsvegi að Laugarmýri. Heimilt er að fjölga íbúðarhúsnæði um helming á forsendum deiliskipulags. Byggð við Lækjarbakka taki mið af byggð sem fyrir er við götuna. Byggð við Merkgarðsveg geti verið með stærri lóðum.“ Heildarstærð ÍB-801 er 4,6 ha en það nær nokkur sunnar en svæði deiliskipulagsins sem skýrir mun á stærðum.

Skilmálar fyrir ÍB-801 eru í töflu 8.1 þar sem fram kemur að stærð svæðis sé 4,6 ha, fjöldi núverandi íbúða sé 9 og fjöldi nýrra íbúða 10. Þó er heimilt að fjölga nýju íbúðarhúsnæði upp í 15, eða um helming, sbr. ákvæði sem var nefnt hér að ofan.

### 1.4 Skipulagsreglugerð

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir um íbúðarsvæði í a-löð 6.2. gr.:

„Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfssemi sem samrýmt búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins.“ Deiliskipulagið er í samræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar og skipulagslaga nr. 123/2010.

### 1.5 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið en til er skipulagsuppdráttur, samþykkt af þáverandi skipulagsstjóra Ríkisins árið 1994 ásamt samþykktum aðaluppdraði. Þessi gögn voru höfð til hlidsjónar við vinnslu deiliskipulagsins.

### 1.6 Veitur

Hitaveitu-, vatns- og fráveitulagnir hafa verið lagðar í götur innan skipulagssvæðisins, auk rafveitu og gagnaveitu. Ný hús verða tengd núverandi stofnlögnum meðfram vegum. Skagafjarðarveitur þjónusta Steinsstaði með neysluvatn og hitaveitu. Fráveita er í umsjá þjónustumiðstöðvar Skagafjarðar. Upplýsingar varðandi legu strenglagna er vísað á tilheyrandi veitufyrirtæki. Kanna þarf hvort sveiðir lagna anni aukinni eftirspurn með fleiri notendum. Lega núverandi hitaveitu-, vatnsveitu- og fráveitulagna er sýnd á skipulagsuppdraði.

skál þó vera í samræmi við deiliskipulag. Sína skal endanlega staðsetningu bilastæða á aðaluppdraði. Staðsetning og lega gönguleiða á skipulagsuppdraði eru að mestu leyti leiðbeinandi að undanskilinni gönguleið á milli Lækjarbakka 4 og 6. Á milli þeirra lóða liggja stofnlagnir fráveitu og gert er ráð fyrir að vera áfram.

### 2.4 Lóðir og byggingarreitir

Á skipulagsvæðinu eru sýndar 19 íbúðalóðir, allt einbýlishúsalóðir, þar af 12 nýjar lóðir. Skilmálar um stærð lóða, hámarksbyggingarmagn, hæðafjölda, hámarks hæð bygginga og afstöðu húsa eru sýndir á skipulagsuppdraði. Með hámarks hæð bygginga er átt við hæð frá gólf í mæni. Þakgerðir eru valfrjálssar. Nýbyggingar eða viðbyggingar skulu byggðar innan byggingarreita, upp að hámarks byggingarmagni.

2.4.1 Lækjarbakki 2, 4, 6 og 8  
Á lóðum við Lækjarbakka, vestan götu, eru 440 m<sup>2</sup> stórir byggingarreitir, 20 m á breidd og 22 m á lengd. Fjarlægð í lóðamörk eru 4 m er að norðan og sunnan, 6 m að austan og 7 m að vestanverðu. Á milli lóða nr. 4 og 6 við Lækjarbakka liggja stofnlagnir fráveitu undir gönguleið.

2.4.2 Lækjarbakki 1, 3, 5, 7, 9, 11 og 13  
Gert er ráð fyrir stækun núverandi lóða við Lækjarbakka um 56 m<sup>2</sup>, úr 840 m<sup>2</sup> í 896 m<sup>2</sup>, með tilfærslu lóðamarka að austanverðu um 3,5 m til austurs. Stækun þessi samræmist betur núverandi notkun. Innan lóða 3-13 eru tæplega 442 m<sup>2</sup> byggingareitir, 22,65 m breiðir og 19,5 m langir. Fjarlægð byggingareita frá lóðamörkum eru 6 m að vestan, 6,5 m að austan og 5,35 m að sunnan, í samræmi við fyrirliggjandi gögn. Byggingarreitir ná að lóðamörkum að norðanverðu. Heimilt er að reisa reisa hús eða viðbyggingar, innan byggingarreits upp að hámarks byggingarmagni.

2.4.3 Lækjarbrekka 2, 4, 6, 8, 10, 12, 14 og 16  
Við Lækjarbrekku verða til 7 nýjar lóðir auk núverandi lóðar, Lækjarbakka 8. Lækjarbakki 8 stækkar til vesturs um 315 m<sup>2</sup>, úr 1120 m<sup>2</sup> í 1435 m<sup>2</sup>. Á lóðinni stendur einbýlishús, byggð árið 1994 og bílskúr byggður 2021. Bílskúr þessi stendur innan veghelgunarsvæðis en var samþykktur með bókun skipulags- og byggingarnefndar þann 13.8.2008 að fengnum jákvæðum umsögnum

Gata		Stærð lóðar fyrir [m <sup>2</sup> ]	Byggt magn [m <sup>2</sup> ]	Stærð lóðar DSK [m <sup>2</sup> ]	Lóðastærð breyting [m <sup>2</sup> ]	Stærð byggingar-reits [m <sup>2</sup> ]	Hámarks nýtingar-hlutfall [m <sup>2</sup> ]	Hámarks byggingar-magn [m <sup>2</sup> ]	Önytt byggingar-magn [m <sup>2</sup> ]	Fjöldi hæða	Byggingar-hæð [m]
Lækjarbakki	1		845		410	0,36	300	300	1	6	
Lækjarbakki	2	980		440	0,31	300	300	300	1	6	
Lækjarbakki	3	840	113,4	896	56	442	0,33	300	186,6	1	6
Lækjarbakki	4	980		440	0,31	300	300	300	1	6	
Lækjarbakki	5	840	147,4	896	56	442	0,33	300	152,6	1	6
Lækjarbakki	6	980		440	0,31	300	300	300	1	6	
Lækjarbakki	7	840	164	896	56	442	0,33	300	136	1	6
Lækjarbakki	8	980		440	0,31	300	300	300	1	6	
Lækjarbakki	9	840	186,1	896	56	442	0,33	300	113,9	1	6
Lækjarbakki	11	840	160,3	896	56	442	0,33	300	139,7	1	6
Lækjarbakki	13	840	150,5	896	56	442	0,33	300	149,5	1	6
Lækjarbrekka	2	1458		567	0,21	300	300	300	1	6	
Lækjarbrekka	4	1163		460	0,26	300	300	300	1	6	
Lækjarbrekka	6	1190		449	0,25	300	300	300	1	6	
Lækjarbrekka	8	1120	192,3	1435	315	540	0,21	300	107,7	1	6
Lækjarbrekka	10	1412		582	0,21	300	300	300	1	6	
Lækjarbrekka	12	1458		642	0,21	300	300	300	1	6	
Lækjarbrekka	14	1435		606	0,21	300	300	300	1	6	
Lækjarbrekka	16	1313		504	0,23	300	300	300	1	6	
<b>Samtals</b>				21005		9172		5700			

### 1.7 Minjavernd

Fyrir liggur skýrsla Katrínar Gunnarsdóttur frá Bygðasafni Skagafringa dags. júní 2000 um fornleifaskráningu fyrir Steinsstaði í Skagafirði, ásamt umsögn minjavarðar, dags. 27.07.2022, við áður nefndri skipulagsýsingu. Skv. fornleifaskráningu og umsögninni eru 5 minjar sem lenda innan skipulagsvæðis. Í skýrslunni eru gefin upp hnit fyrir minjarnar en ekki kemur fram hvaða hnitakerfi er notað. Þar af leiðandi ríkir óvissa um nákvæma vörpun skv. uppgöfnun hnitum í skýrslunni. Í umsögn minjavarðar segir:

„Þessi fornleifaskráning er komin til ára sinna og uppfyllir ekki núgildandi staðla um uppmælingar minja vegna deiliskipulags, en þar sem engar minjar er sýnilegar á yfirborði er ekki tilfelli til endurskoðunar skráninganna.“ Jafnframt kemur fram að ekki verði „... gerðar athugasemdir við að steyptr veggir verði fjarlægðir en ef vart verður við torf og grjóthleðslur þarf að stöðva framkvæmdir og hafa samband við minjavarð.“ Í viðhengi með umsögninni er hnitsett afmörkun á suðvesturlögu skipulagsvæðisins þar sem farið er fram á framkvæmdaefirlit við jarðbrask. Svæði þetta er sýnt á skipulagsuppdraði og sett skipulagsákvarði um framkvæmdaefirlit. Svæðið er að öllu leyti utan byggingarlóða og skipulagið gerir ekki ráð fyrir raski innan svæðisins. Þá skal fara eftir ákvæðum 2. mgr. 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningargæmið ef áður ókunnar formnjar finnast við framkvæmd.

### 1.8 Náttúruver

EKKI ER ÞEKKTAR NÁTTÚRUVAR Á SKIPULAGSVÆÐINU.

### 1.9 Umhverfissáhrif

Deiliskipulagið er í samræmi við stefnu sveitarfélagsins í gildandi aðalskipulagi 2020-2035. Deiliskipulagið hefur það að markmiði að taka tillit til umhverfissjónarmiða og stuðla að jákvæðum áhrifum á umhverfi eins og kostur er. Áformaðar framkvæmdir innan skipulagsvæðisins eru ekki líklegar að hafa í för með sér umtalsverð umhverfissáhrif samanber 1. viðauka laga nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana. Deiliskipulagið fellur því ekki undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Umhverfismat skv. 5.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 er hluti af skipulagsvinnunni og er til umfjöllunar hjá hluðandi aðila.

Málið hafði áður verið til umfjöllunar hjá nefndinni þann 22.5.2008. Lóðastærðir og stærðir byggingarreita eru mismunandi á milli lóða. Lóðastærðir eru sýndar á skipulagsuppdraði. Afmörkun byggingarreita að austanverðu stýrist af veghelgunarsvæði. Að norðan og sunnan eru afmörkunin yfirleitt 4 m frá lóðamörkum og 12 m að austan. Staðsetning bilastæða fyrir þessar lóðir, sem sýnd er á skipulagsuppdraði, er leiðbeinandi og er lóðarhöfum heimilt að staðsetja bilastæði innan lóða eins og best hentar.

### 2.5 Veitur

Nýjar stofnlagnir fyrir fráveitu skulu lagðar undir göngustig á milli lóða við Lækjarbakka og Lækjarbrekku og vestan við lóðir nr. 14 og 16 við Lækjarbrekku. Tenging við núverandi stofnlagnir skal útfært nánar í hönnun. Þá er heimilt að leggja götustofnlagnir vestan Lækjarbakka 2-8 og tengja í núverandi stofnlagnir sem liggja á milli Lækjarbakka 4 og 6. Þær lagnir liggja áfram til vesturs í núverandi rotbró. Lega vatns- og hitaveitulagna skal ákveðin í samræði við Skagafjarðarveitur. Lega rafmagns- og fjarskiptastrenglagna skal ákveðin í samræði við tilheyrandi veitufyrirtæki.

Færa þarf vatnsveitueimil og rafmagnsheimtaug fyrir Steinsstaðaskóla og heimtaugar fyrir rafmagn og ljósleiðara fyrir Árgarð í tengslum við framkvæmdir við Lækjarbakka.

### 2.6 Leiksvæði / dvalarsvæði

Vestan Lækjarbakka 2-8 er gert ráð fyrir svæði fyrir útivist sem getur nýst sem leiksvæði eða dvalarsvæði. Afmörkun er leiðbeinandi.

### 3 Umhverfisskýrsla

Tilgata þessi að deiliskipulagi gerir ekki ráð fyrir framkvæmdum sem falla undir 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Samkvæmt 5.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 er lagt mat á líkleg áhrif tillo Gunnar á umhverfið. Umhverfisþættir sem metnir verða eru andrúmsloft, landslag og ásynd byggðar, félags- og efnahagsleg áhrif, útivist og heilbrigði manna, og náttúru- og menningarmínjar. Við greiningu hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa, jákvæð áhrif, neikvæð áhrif, óveruleg eða óljós.

### 2.7 Andrúmsloft

Gert er ráð fyrir 12 nýjum íbúðarhúsalóðum á skipulagsvæðinu. Þar sem svæðið er þegar byggt og gatnakerfi helst óbreytt er ekki gert ráð fyrir meiri háttar forsendur fyrir fólksfjölgun í sveitarfélaginu og eflir fjölbreytta búsetukosti í sveitarfélaginu. Þá eru t.d. settar stefnumarkarir um gönguleiðir, útivistarsvæði og líkleg minjarsvæði korttögu með nákvæmari hætti en áður. Áhrif á andrúmsloft eru metin óveruleg.

kafla 3 Umhverfisskýrsla. Umhverfisþættir sem metnir verða eru heilsa- og öryggi, félagslegir og efnahagslegir þættir, ásynd, náttúruvar, varðveislugildi og svipmót byggðar. Í skipulaginu er áframhaldandi uppbygging á svæðinu styrkt og er talin hafa jákvæð áhrif á samfélag, svipmót byggðar og ásynd nærliggjandi umhverfis.

### 1.10 Tengsl við aðrar áætlanir

EKKI ER TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR.

### 1.11 Markmið, umsagnarauðilur og kynning

Markmið deiliskipulagsins eru að:

- Stýrja við fjölbreytta búsetukosti í Skagafirði með því að hafa skipulagðar íbúðalóðir í Steinsstaðahverfinu,
- Skilgreina lóðamörk og byggingarreiti
- Setja byggingaskilmála fyrir byggingarlóðir við Lækjarbakka og Lækjarbrekku.

### Umsagnaraðilar eru:

- Skipulagsstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Heilbrigðisefirlit Norðurlands vestra
- Skagafjarðarveitur
- Brunavarnir Skagafjarðar
- Míla
- Rarik
- Veðurstofa Íslands
- Íbúar við Lækjarbakka og Lækjarbrekku.

Tilgata að deiliskipulagi verður auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Auglýsing birtist í blöðum og á vef sveitarfélagsins. Skipulagsgögn verða aðgengileg í Ráðhúsi Skagafjarðar að Skagafirðingabraut 21, 550 Sauðárkrúki á opnunartíma og á vef sveitarfélagsins, [www.skagafjordur.is](http://www.skagafjordur.is) og á vef Skipulagsgáttar, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is). Með því gefst umsagnaraðilum og öðrum, sem telja sig eiga hagsmuni að gæta, kostur á að yfirfara tillöguna og leggja fram ábendingar um deiliskipulagstillöguna. Leggja skal fram umsagnir á vef skipulagsgáttar með því að smella á málið og velja „Bæta við umsögn“. Að öðrum kosti er möguleiki að senda ábendingar í tölvupósti á netfangið [skipulagsfulltrui@skagafjordur.is](mailto:skipulagsfulltrui@skagafjordur.is).

### 2.8 Landslag og ásynd byggðar

Nýjar byggingar á íbúðarhúsalóðum munu rísa í þegar byggð umhverfi þar sem gert er ráð fyrir íbúðabyggð í aðalskipulagi. Öbyggt land mun fara undir einbýlishús og íbúðalóðir og þá verða tré meðfram Lækjarbakka fjarlægð. Skipulagið leggur upp með að ásynd svæðisins styrkist og eflist með þeirri uppbyggingu sem áætluð er. Með tilkomu skipulagningu íbúðarhúsalóða og heildarumgjörð má gera ráð fyrir að ásynd lands verði fegurri að framkvæmdum loknum. Þar sem ný íbúðarhús munur rísa í þegar byggð hverfi eru áhrif á landslag og ásynd byggðar metin óveruleg.

### 2.9 Félags- og efnahagsleg áhrif

Deiliskipulagið styður við markmið aðalskipulags um fjölbreytt atvinnulíf og búsetu. Með fleiri íbúðarhúsalóðum á Steinsstöðum eykst fjölbreytileiki búsetukosta í sveitarfélaginu. Þá mun uppbygging stuðla að aukinni atvinnu og efnislegum verðmætum. Félagssleg og efnahagsleg áhrif eru metin jákvæð.

### 2.10 Útivist og heilbrigði manna

Í skipulaginu er mörkuð stefna fyrir gönguleiðir og leiksvæði á skipulagsvæðinu. Áhrif á útivist og heilbrigði eru metin jákvæð.

### 2.11 Heilsa og öryggi

Engin hættu stafar af sjó eða landi á skipulagsvæðinu. Svæðið er í um 64-75 m yfir sjávarmáli og fjarri landslagi sem getur skapað hættu af landi. Engar framkvæmdir sem skipulagið gerir ráð fyrir munu hafa áhrif á náttúruvá. Settir verða skilmálar um bilastæði innan lóða og þess sem gönguleiðum eru gerð skil. Mengun af völdum vinnuvéla mun aukast óverulega á framkvæmdatíma ásamt umferð þeirra til og frá framkvæmdasvæðum. Þessi áhrif verða tímabundin og verða óveruleg til lengri tíma. Áhrif stefnumörkunar deiliskipulagsins á heilsu og öryggi eru metin jákvæð.

</